



## AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2017-2029

Skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar

Stækkun á Búðanámu

18.11.2024



## UPPLÝSINGAR

---

### SKJALALYKILL

---

103161-LYS-001-V04

### HÖFUNDUR

---

BRE, IS

### RÝNT

---

ÁJ

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>4</b>
<b>1.1</b>	<b>Skipulagslýsing</b>	<b>4</b>
<b>2</b>	<b>FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR</b>	<b>4</b>
<b>2.1</b>	<b>Staðhættir</b>	<b>4</b>
<b>2.2</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>	<b>5</b>
2.2.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	5
2.2.2	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	5
2.2.3	Samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag	6
2.2.4	Deiliskipulag	6
2.2.5	Minjar	6
2.2.6	Vatnaáætlun	6
<b>3</b>	<b>AÐALSKIPULAGSBREYTING</b>	<b>7</b>
<b>4</b>	<b>UMHVERFISÁHRIF</b>	<b>7</b>
<b>4.1</b>	<b>Umhverfisþættir og áherslur</b>	<b>7</b>
<b>5</b>	<b>SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ</b>	<b>8</b>
<b>5.1</b>	<b>Skipulagsferli</b>	<b>9</b>

## 1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Vegagerðin, í samráði við sveitarfélagið, óskar eftir breytingu á aðalskipulagi sem felur í sér stækkun á Búðanámu vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Búðafossvegi. Vegurinn er m.a. hluti af uppbyggingu í tengslum við Hvammsvirkjun sem Landsvirkjun hyggst reisa. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er stærð Búðanámu 1 ha og heimiluð efnistaka 50.000 m<sup>3</sup>. Náman verður stækkuð í 4,5 ha en efnismagn sem heimilt verður að taka hækkað í 60.000 m<sup>3</sup>. Nauðsynlegt þykir að stækka námusvæðið þar sem grunnvatn stendur hátt á svæðinu og því ekki hægt vinna efni jafn djúpt niður og áætlað var.

Fyrirhuguð stækkun á Búðanámu er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar samkvæmt lið 2.02 í viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

### 1.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

Með skipulagslýsingu er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar.

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Efnistaka úr Búðanámu er ætluð til vegagerðar í tengslum við gerð Búðafossvegar, sem verður lagður suður frá þéttbýlinu í Árnesi og yfir á Landveg. Vegurinn mun bæta og tryggja greiðari samgöngur á milli sveitarfélaganna Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra.

### 2.1 Staðhættir

Búðanáma er í landi Minna-Hofs og er staðsett í hraunkantinum norður af Búðafossi í Þjórsá. Náman er óunnin en kemur til með að opnast til austurs. Jökulgarðar Búðaraðarinnar liggja í um 200 m fjarlægð austan við svæðið og takmarkar það sjónræn áhrif námunnar töluvert.

Samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar á náttúruyfyrirbærum sem njóta sérstakrar verndar þá er náman staðsett á Þjórsárhrauni sem er nútímahraun sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Almenn er Þjórsárhraunið mjög þykkt, með 6-10 m þykkum karga en verður þéttara með dýpi. Áætla má að hægt sé að fá allt að 100% nýtingu á efni úr námunni.

Á svæðinu eru helstu vistgerðir mosamóavist og víðikjarrvist, skv. vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar. Mosamóavist hefur lágt verndargildi og víðikjarrvist hefur mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Vistgerðin er útbreidd á svæðinu og á Suðurlandi.

## 2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.2.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Leitast skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd.

### 2.2.2 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem efnistökusvæði og landbúnaðarsvæði.

#### Kafli 2.3.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði.

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjasrá eða hverfisverndarsvæðum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang í verklok.


#### Eftirfarandi reglur gilda um efnistöku og efnislosun:

- Við val á efnistökusvæði skal velja efni af þeirri gerð sem best hentar fyrirhuguðum framkvæmdum.
- Efnistaka og efnislosun sé að jafnaði ekki á verndarsvæðum. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Einnig skal leitast við að haga mannvirkjum og framkvæmdum við ár og stöðuvötn þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins skv. 62. gr. laganna.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja. Efnistaka fari ekki nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 20 m.
- Að landslagsheildin þoli efnistöku án þess að heildarsvipmót hennar raskist.
- Að kleift sé að ganga ásættanlega frá efnistökusvæði að efnistöku lokinni.

#### Kafli 2.3.1 Landbúnaðarsvæði

- Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu landbúnaðarlands.

Umrætt land er í flokki IV í flokkun landbúnaðarlands og er því ekki hentugt til ræktunar.



**MYND 2.** Hluti af aðalskipulagsupprætti Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Náman er staðsett innan rauða kassans.

### 2.2.3 Samræmi við landskipulagsstefnu og aðalskipulag

Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 er í samræmi við markmið landskipulagsstefnu og stefnu gildandi aðalskipulags um efnistökusvæði. Verið er að huga að hagkvæmni með því leggja veg sem mun nýtast við framkvæmdir á Hvammsvirkjun og þjónusta íbúa sveitarfélaganna í kring ásamt innlendum og erlendum ferðamönnum. Efnistaka er í námunda við notkunarstað efnisins og er náman nú þegar á aðalskipulagi. Áhersla verður lögð á góða umgengni og vandaðan frágang í verklok svo nýta megi landið á sjálfbæran hátt.

### 2.2.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

### 2.2.5 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ekki eru þekktar minjar innan þess svæðis sem breytingin nær yfir. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

### 2.2.6 Vatnaáætlun

Við fyrirhugað efnistökusvæði er að finna tvö vatnshlot skv. vatnavefsja:

- Tungnaárhraun, 103-308-G, flokkað sem grunnvatn.
- Þjörð 103-663-R, flokkað sem straumvatn.

Ekki er gert ráð fyrir að vatnshlot breytist eða að breytingar verði á vatnsgæðum, vatnsmagni, efna- eða eðliseiginleikum vatns og fyrirhuguð efnistaka því innan þeirra marka sem Vatnaáætlun 2022-2027 gerir ráð fyrir.

### 3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Breyting verður gerð á greinargerð gildandi aðalskipulags. Með breyttu aðalskipulagi verður efnis- tökusvæðið stækkað úr 1 ha í 4,5 ha og efnismagn sem heimilt er að vinna verður 60.000 m<sup>3</sup>. Áætluð stækkun á efnistökusvæðinu er til norðurs. Náman er áfram sýnd sem hringur á uppdrætti.

### 4 UMHVERFISÁHRIF

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat fram- kvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhv- erfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Stefna í breyttu aðalskipulagi fellur undir viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Mörkuð er stefna um efnistöku þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m<sup>3</sup> eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra, skv. lið 2.02.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar um matsskyldu.

#### 4.1 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu verða skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og leitast við að svara matsspurningum. Líklegt er að stefna í gildandi skipulagi verði borin saman við hugmyndir um stefnu í breyttu skipulagi, þ.e. að heimiluð verði stækkun Búðanámu.

**TAFLA 1.** Umhverfispættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. <ul style="list-style-type: none"> <li>Landnotkun stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.</li> <li>Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland verði áfram nýtt til matvælaframleiðslu.</li> </ul> Landsskipulagsstefna 2024-2038. <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag landnotkunar í dreifbýli styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli. Ákvarðanir um ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu taki mið af staðareinkennum, svo sem víðernum, sérkennum landbúnaðarlands, verndarsvæðum, varðveislu nytjaland og menningarlandslags.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á nýtingu góðs landbúnaðarlands til matvælaframleiðslu?



UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<b>Gróður og dýr</b> <i>Gróðurlendi og vistkerfi</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038 <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi?
<b>Samfélag</b> <i>Íbúar.</i> <i>Atvinnulíf.</i>	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhersla er á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.</li> <li>Leita hagkvæmra lausna í samgöngum samhliða því að stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi.</li> </ul> Landsskipulagsstefna 2024-2038. <ul style="list-style-type: none"> <li>Gæta skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og byggð skal ekki ganga að óþörfu á svæði sem henta vel til ræktunar eða eru verðmæt vegna náttúruverndar.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á íbúa? Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf?
<b>Minjar</b> <i>Fornminjar.</i>	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. <ul style="list-style-type: none"> <li>Varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og önnur umhverfisleg gæði.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á minjar?
<b>Vatn</b> <i>Ár, vötn og grunnvatn</i>	Vatnaáætlun 2022-2027 <ul style="list-style-type: none"> <li>Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar.</li> <li>Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á vatnsgæði og vatnavistkerfi?
<b>Loft</b>	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030. <ul style="list-style-type: none"> <li>Orkuskipti í vegasamgöngum, átak í kolefnisbindingu, bættri landnotkun, skógrækt, landgræðsla, endurheimt votlendis.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda?

## 5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við móttun breytingarinnar.

Skipulagslýsing verður kynnt í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest. Umsagnaraðilar eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun



## 5.1 Skipulagsferli

